

Fundargerð
260. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs
Þriðju daginn 4. desember 2018 kl. 12¹⁵ – 14⁰⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) fjarverandi
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Guðfinnur Johnsen (GJ) fjarverandi
Guðbergur Rúnarsson (GR) vm. (GJ)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lúðvík Gústafsson (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Heyrúlluplast
- (3) Glerumbúðir
- (4) Plast
- (5) Smurolía
- (6) Úrvinnslusjóður
- (7) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar ([259. fundar](#)).

Samþykkt

2. Heyrúlluplast

Lagt var fram á fundinum svar Úrvinnslusjóðs við erindi frá PNR um breytt fyrirkomulag varðandi greiðslu fyrir endurvinnslu á heyrúlluplasti. Svarið er í samræmi við umræður á síðasta stjórnarfundi haldinn 6. nóvember 2018.

Stjórn samþykkir að greiða Pure North Recycling (PNR) samkvæmt óhreininda- og rakahlutafalli er fram kom í mælingu Eflu í hálfri ár, eftir að PNR er samþykkt sem þjónustuaðili við meðhöndlun heyrúlluplasts af stjórn Úrvinnslusjóðs. Þá, að hálfu ári liðnu, eiga að liggja fyrir nýjar mælingar á óhreininda- og rakahlutfalli í heyrúlluplasti.

3. Glerumbúðir

Lagt var fram á fundinum erindi frá UAR um glerumbúðir og umræðu framhaldið frá síðasta fundi. Þar er óskað eftir að Úrvinnslusjóður vinni tillögur að nauðsynlegum breytingum á lögum

G.G.P

LG

um úrvinnslugjald, sem feli í sér að sett verði sérstakt úrvinnslugjald á umbúðagler. Góðfúslega er óskað tillagna eigi síðar en 4. janúar 2019. Lagt var fram á fundinum afrit af bréfi sem Endurvinnslan sendi til UAR um málið.

ÓK tók saman upplýsingar um framvindu málsins og stöðu og rifjað var upp hvað stjórn hafi þegar rætt og látið vinna í þessu máli, lögð voru fram gögn um þá vinnu.

Lögð var fram skýrsla NIRAS í Danmörku um umbúðalíkan (Logisys) og magn umbúða úr gleri, málmi og við sem sett voru á markað hér á landi 2017. ÓK fór yfir mat af glerumbúðum sem sett eru á markað.

ÓK fór yfir stöðu innsöfnunar og endurvinnslu á glerumbúðum innan nokkurra ríkja ESB. ÓK falið að taka saman drög að svari til UAR og láta stjórn yfirfara á næsta stjórnarfundi.

4. Plast

Meðfylgjandi eru tillögur að aðgerðaráætlun í plastmálefnum sem samstarfsverftvangur afhenti ráðherra fimmtudaginn 1. nóvember 2018.

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=c0687ce4-dde1-11e8-942e-005056bc4d74>

Umræðu frestað.

5. Smurolía

Lögð var fram á fundinum ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að framlengja, til 30. nóvember 2023, undanþágu Olíudreifingar ehf. og Skeljungs ehf. vegna söfnunar og förgunar úrgangsoli. ÓK fór yfir stöðu mála. Hann sagði frá hugmynd olíufélaganna að segja upp núverndi samningi um meðhöndlun svartolíu. Ekkert liggur þó fyrir í því máli.

6. Úrvinnslusjóður

ÓK fór yfir stöðu mála er varðar ársreikning Úrvinnslusjóðs og önnur mál sem tengjast fjármálum sjóðsins.

7. Önnur mál

Lagður var fram úrskurður UAR um ábyrgð á móttöku á drifrafgeymum úr ökutækjum. Lögð var fram ný verðskrá fyrir þjónustu Kölku sorpbrennslu sem taka á gildi 1. janúar 2019.

Næsti fundur ákveðinn 18. desember 2018.

Fundi slitið kl. 14.00

*Lilja E. Guðmundsson
H. J.
Guðmundur Guðmundsson*